

## Textílmennt 5. bekkur

**Kennari:** Þóra Katrín Þórsdóttir

**Tímafjöldi á viku:** 3 klst í um 8 vikur

**Námsmat:** Námsmat er í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár og matsatriði inn á Mentor.

**Auk þeirra hæfniviðmiða verður einnig litið til almennrar framkomu og vinnulags í tímum.**

**Grunnþættir menntunar:** Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun*. Unnið er með alla þessa þætti en þó mismikið eftir tengingu þeirra við greinina. Sköpun, læsi og sjálfbærni eru beintengdir textílmennt og greinin veitir nemendur tækifæri til að vinna með þá þætti á áþreifanlegan hátt til að efla skilning nemenda.

**Kennslufyrirkomulag:** Nemendur koma í 10-12 manna hópum og fá um það bil 1 klst í senn þrisvar í viku, yfir nokkurra vikna tímabil. Öllu jafna verður hópnum skipt í tvennt þar sem annar helmingur nemenda fær innlögn og leiðsögn með skylduverkefni tímans. Hinn hópurinn fer í frjálst þar sem hægt verður að velja að perla, leira, lita eða annað sem hentar þann daginn. Eftir hálfa kennslustund verður skipt og þeir sem hafa verið að vinna í verkefninu fara í frjálst og svo öfugt. Ef nemendur vilja og geta unnið nokkur sjálfstætt er frjálst að halda áfram með skylduverkefni og sleppa frjálsu.

**Kennsluáætlun:** Áhersla er lögð á sköpun og sjálfstæð vinnubrögð nemenda með hliðsjón af persónulegri útfærslu. Nemendur þjálfast í að hanna sitt eigið verk, endurnýta efni og kynnast náttúrulegum efnivið. Auk þess læra þau grunnhandtökin í nálarþæfingu og útfæra sitt eigið verk.

| Verkefni                                         | Hæfni sem nemendur þjálfast í                                                                                                                                                                                     | Hæfniviðmið skv. Aðalnámskrá grunnskóla                                                                                                                                                                                                  | Námsmat skv. viðmiðum Mentor                                                                                                                                                                                                           |
|--------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Verkefnamappa í upphafi<br><br>Teiknað með garni | Nemendur útbúa og hanna listaverk úr garni. Nemendur kynnast náttúrulegum efnivið og hvernig hægt er að nýta hann í textílverkefni. Ef verður leyfir förum við út og nemendurnir verða sér sjálfir úti um spýtur. | <i>Að nemendur geti:</i><br>-beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar<br>-unnið með einföld snið og uppskriftir<br>-þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli<br>-(notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla) | Hvert verkefni er metið.<br><br><i>Að nemandi:</i><br>-gangi frá eftir vinnu sína<br>-geti lagt mat á eigin verk og sýni skilning á vönduðum vinnubrögðum<br>-vinnur eftir fyrirmælum<br>-beitir grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar |

|             |                                                                                                                      |  |                                                                                                                                                                                        |
|-------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Vinaarmbönd | Nemendur læra að útbúa vinaarmbönd. Ýmist með því að hnýta eða snúa uppá garn.                                       |  | -vinnur úr fjölbreyttum textílefnum<br>-vinnur með einföld snið og uppskriftir<br>-þróar eigin hugmynd í textílverk og vinnur eftir ferli<br>-notar einföld útsaumsspor til skreytinga |
| Þurrþæfing  | Við lærum nýja aðferð til þæfingar, þ.e. að þæfa með nál. Aðferðin og grunnhandtökin kennd en lokaútkoman er frjáls. |  | Í tímum er símat þar sem horft er til sjálfstæðara vinnubragða, frumkvæði, þrautseigju, ábyrgðar og samskipta.                                                                         |

### Kennsluáðferðir

Hlutverk kennarans er að leggja inn verkefnin, sýna aðferðir og vinnubrögð sem nýtast við vinnu verkefnanna og aðstoðar nemendur eins og nauðsynlegt er. Mikil áhersla er lögð á að þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum, vera sjálfbjarga innan textílmenntarstofunar og að þeir prófi sig áfram með aðferðir sem og sköpun.

Helstu aðferðir:

- Innlögn og sýnikennsla
- Verkleg kennsla
- Umræður og tjáning

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.